

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um sakavottorð barna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mörg börn hafa verið sett á sakaskrá í kjölfar refsilagabrota undanfarin 10 ár?  
Hversu mörg þeirra eru enn með brot á sakaskrá sem koma fram á almennu sakavottorði,  
sbr. reglur ríkissaksóknara um sakaskrá ríkisins? Svar óskast sundurliðað eftir fjölda ára  
sem brot birtast á sakavottorði.*

Hér á eftir er að finna upplýsingar um fjölda barna á aldrinum 15–18 ára sem voru skráð  
með brot á sakaskrá ríkisins undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum. Listinn tekur yfir öll  
brot þessara einstaklinga sem færð voru á sakaskrá, þ.e. bæði brot sem koma fram á sakavott-  
orði útgefnu til yfirvalda, sbr. 10. gr. reglna um sakaskrá ríkisins, og vottorð til hins skráða  
(einkavottorð), sbr. 8. gr. reglnanna.

Ártal	Aldur	Fjöldi	Ártal	Aldur	Fjöldi
2012	15	5	2018	15	1
2012	16	31	2018	16	8
2012	17	106	2018	17	49
2013	15	13	2019	15	6
2013	16	43	2019	16	15
2013	17	114	2019	17	49
2014	15	10	2020	15	7
2014	16	30	2020	16	16
2014	17	103	2020	17	64
2015	15	4	2021	15	1
2015	16	37	2021	16	28
2015	17	64	2021	17	61
2016	15	9	2022	15	1
2016	16	19	2022	17	3
2016	17	62			
2017	15	4			
2017	16	16			
2017	17	44			

Ekki er hægt að kalla fram upplýsingar um hve mörg börn eru enn með brot á sakaskrá þar  
sem þær upplýsingar eru ekki aðgengilegar í sakaskrárkerfinu eins og er.

Framangreindar upplýsingar voru teknar saman af embætti ríkissaksóknara.